

Æskulýðssamband Þjóðkirkjunnar

Skýrsla stjórnar

Ný stjórn kjörin

Kosning formanns og gjaldkera - Katrín Helga Ágústsdóttir bauð sig fram sem gjaldkeri ÆSKÞ og Jóhanna Ýr sem formaður. Voru báðar kosnar með öllum greiddum atkvæðum.

Varastjórn - Berglind Hönnudóttir, Eva Björk Valdimarsdóttir, Sóley Adda, Anna Lilja Steinsdóttir og Inga Harðardóttir voru allar kosnar í varstjórn.



Aðalfundur European Fellowship of Christian Youth ÆSKÞ

Var að þessu sinni haldinn í Háteigskirkju í Reykjavík 29.- 31. mars. Á fundinn mættu 6 aðilar frá þeim 4 löndum sem eru fullgildir meðlimir félagsins. Fulltrúar ÆSKÞ á fundinum voru Jónína Sif Eypórsdóttir framkvæmdarstjóri og Katrín Helgadóttir, gjaldkeri ÆSKÞ, fleiri stjórnarmeðlimir ÆSKÞ litu þó við. Á fundinum var farið yfir hin hefðbundnu aðalfundarstörf ásamt því sem ÆSKÞ bjó til ratleik þar sem helstu kennileiti miðbæjar Reykjavíkur voru skoðuð. Þá var farið í sund og á safnið Wonders of Iceland í Perlunni. Eftir

skipulagða dagskrá fóru nokkrir fundargestir með Katrínu gjaldkera í skoðunarferð á Þingvelli.

KUF

ÆSKÞ hefur sinnt undirbúningi og framkvæmd Kirkjubings unga fólksins í samstarfi við fulltrúa á Biskupsstofu og verður svo aftur í ár. KUF er ákaflega mikilvægur vettvangur fyrir ungt fólk til að láta rödd sína heyrast og til að hafa áhrif á málefni kirkjunnar.

Gleðigangan

Jónína Sif Eyþórsdóttir framkvæmdarstjóri ÆSKÞ sá um skipulagningu og hugmyndavinnu í kringum Gleðigönguna í samstarfi við kröftugan hóp úr æskulýðsstarfinu. Sú frábæra hugmynd var framkvæmd að smíða kirkju úr gamalli hestakerru. Barna tókst með frábærum hætti að endurnýta gamlt efni á afar umhverfsvænan máta en ÆSKÞ leggur metnað sinn í að vera umhverfsvæn samtök. Áhersla ÆSKÞ í göngunni var *Opin kirkja* og vildu skipuleggjendur minna á að kirkjan á að vera til staðar fyrir alla. „Leyfið börnunum að koma til mín“. Við erum öll Guðs börn óháð stöðu, stétt, kyni, skoðana, kynhneigð og litarhætti.

Þetta var í sjöunda skiptið sem ÆSKÞ tók þátt í göngunni og er þetta því löngu orðinn fastur liður í starfsemi ÆSKÞ. Í ár gengu bæði Agnes M. Sigurðardóttir biskup Íslands og Kristján Björnsson vígslubiskup með í göngunni. Það er virkilega ánægjulegt að sjá hversu margir hafa áhuga á að taka þátt í þessari göngu með ÆSKÞ og styðja þannig við þau baráttumál sem skipta hvað mestu máli hverju sinni.



Landsmót ÆSKÞ

Landsmót ÆSKÞ var að þessu sinni haldið í Ólafsvík. Mótið í ár var unnið samkvæmt þemanu „Skapandi landsmót“ þar sem ungu fólki gafst tækifæri til að fræðast, efla sjálfan sig og efla tengslin við aðra sem og rækta sína trú. Unnið var með fjölbreyttum hætti með þemað svo sem í hópastarfi, leikjum, í fræðslu, hæfileika keppni og hefðbuninni dagskrá.

Landsmótsstjóri var Óskar Ingi Ingason sóknarprestur Ólafsvíkur- og Ingjaldshólsprestakalls. Frú Agnes M. Sigurðardóttir biskup Íslands sá um að setja mótið á föstudeginum og hvatti þátttakandur til að vera skapand á sinn eigin hátt. Kristján Björnsson vígslubiskup predikaði í messu sunnudaginn og landsmótsstjórinn og prestur í Ólafsvíkurprestakalli messaði. Fræðsla mótsins var í höndum Daníels Ágústs Gautasonar djákna og Jóhönnu Ýrar Jóhannsdóttur æskulýðsfulltrúa. Mótið tókst afar vel en um 300 manns tóku þátt að þessu sinni. Í Ólafsvík er aðstaða til mótshalds til fyrirmyndar og voru móttökurnar alveg hreint frábærar.

Bæjaryfirvöld sáu til þess að ekkert skorti þegar kom að yfirbyggingu. Fengum við grunnskólann, sundlaugina og íþróttahúsið til afnota nánast að kostnaðarlausu. Eins var aðstaðan í félagsheimilinu til fyrirmyndar og þar til að mynda var allt á staðnum svo sem borðbúnaður, borð, stólar og hljóðkerfi sem ekki þurfti að greiða leigu fyrir. Kvenfélag Ólafsvíkur sá um allan mat á mótinu og voru mótsgestir virkilega ánægðir með veitingarnar. Styrkur frá bæjarfélaginu og samfélaginu öllu var því gríðarlegur. Styrkir sem þessir eru ákaflega mikilvægir þegar kemur að rekstri æskulýðssambandsins og mikil lyftistöng fyrir starfið allt. Í landsmótsnefnd voru auk framkvæmdarstjóra: Aldís Elva, Sigurður Óskar, Anna Lilja, Óskar Ingi, Sóley Adda, Berglind, Konný, Daníel, Jóhanna Ýr og Katrín Helga.



Námskeið

Í samstarfi við Fræðslusvið Biskupsstofu og ÆSKR var haldið skyndihjálparnámskeið á vegum Rauða Krossins. Námskeiðið var vel sótt. ÆSKP tók einnig þátt í svo kölluðu “opnu húsi” samstarfi við Fræðslusvið Biskupsstofu og í tengslum við haustnámskeiðið. Á þessu opna húsið var ÆSKP með kynningarbás og kynntu formaður og gjaldkeri starfið framundan fyrir gesti og gangangi sem og buðu fram aðstoð við uppbyggingu æskulýsstarfs.

Leiðtogaskólinn 2019-2020

Leiðtogaskólinn (áður kallað Farskóli leiðtogaefna) er samstarfsverkefni ÆSKR, ÆSKK, ÆSKP og biskupsstofu. Umsjón með skólanum hafa Magnea Sverrisdóttir og Daníel Ágúst Gautason. Um 18 ungmenni frá tíunda bekk í grunnskóla til fyrsta bekk í menntaskóla, af stórhöfuðborgarsvæðinu hafa setið kennslu vetrarins, sem fer fram á 8 mánuðagskvöldum og einum löngum laugardegi á Selfossi. Það sem hefur meðal annars verið á dagskrá er sjálfsmyndin og steriótýpur, biblíusögur, Marteinn Lúther og hugrekkið, umræður og rökræður, starfsfólk og sjálfsboðaliðar kirkjunnar, siðareglur og heilræði. Veturinn hefur gengið mjög vel og hafa þátttakendur sýnt mikinn áhuga á kennsluefninu sem og starfi kirkjunnar. Það er gríðarlega mikilvægt að geta boðið ungmönnum upp á svona leiðtoganámskeið til að auka og efla áherslu á faglegt leiðtogastarf. Skólanum lýkur með útskrift í Grensáskirkju 18. mars.

Lokaorð formanns ÆSKP

Á árinu kom Jónína Sif Eypórsdóttir aftur til starfa eftir fæðingarorlof. Mig langar að þakka Sigurði Óskari Sigurðssyni fyrir sín störf í afleysingu framkvæmdarstjóra.

Starfsárið gekk vel, viðburðir á vegum ÆSKP voru einstaklega vel heppnaðir og vel skipulagðir. Svo vel skipulagðir að veðrið var með allra besta móti eða eins og það hefði hreinlega verið hluti af skipulaginu og þá sérstaklega í Gleðigöngunni.

Sem samtök höfum við það að markmið að efla fólk í leik og starfi og veita góða ráðgjöf. Ráðgjafarhlutverk ÆSKP er eitt af því sem við viljum efla og gera sýnilegra á nýju ári. Til að byggja upp æskulýðsfélög og til að hvetja þegar hugmyndirnar þverra.

Landsmót ÆSKP er eitt af flaggkipum félagsins það er markmið ÆSKP að vanda sem fyrr að því verkefni, æskulýðsstarfinu í landinu til heilla. Það er gaman að segja frá því að í námi mínu í Verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun í Endurmenntun Háskóla Íslands valdi hópurinn minn að verkefnastýra Landsmóti ÆSKP sem sínu lokaverkefni. Það verður ákaflega gaman að afhenda stjórn skýrsluna þegar henni verður lokið.

Heimasíða ÆSKP er í stöðugum vexti. Við erum smátt og smátt að aðlaga okkur að nýjum persónuverndarlögum en þá nýtast faglegar heimasíður mun betur en samfélagsmiðlar sem fréttaveita. Okkur í stjórn langar að fá fréttir af æskulýðsstarfi víðsvegar um landið inn á heimasíðuna og verður það verkefni nýrrar stjórnar og finna flöt á því verkefni.

Þar sem rekstrargrundvöllur samtaka eins og ÆSKP byggist upp á styrk frá kirkjumálasjóði er mikilvægt að starfið sé sýnilegt. Við þurfum að geta rökstutt í hvað þessir fjármunir fara. Eins og landslagið er í samfélaginu í dag er óraunhæft að sækja styrki til grunnreksturs Æskulýðssambands Þjóðkirkjunnar utan þjóðkirkjunnar. Ef einhver efast þá get ég fullvissað

ykkur um að þessir fjármundir eru vel nýttir til að efla ungt fólk í landinu sem og fólkið sem starfar að æskulýðsmálum. Þar sem umsvif verkefna ÆSKP hafa aukist var tekin sú ákvörðun á stjórnarfundum nú fyrir stuttu að auka starfshlutfall framkvæmdarstjóra úr 50% í 60%.

Þó að það tilheyri ekki starfsári ársins 2019 þá langar mig að nefna hér Janúarnámskeið og árshátíð ÆSKP sem haldið var í Borganesi nú fyrir stuttu. Þetta var ákaflega vel heppnað og eflandi námskeið. Það er eitt af markmiðum stjórnar ÆSKP að festa janúarnámskeiðið enn betur í sessi að þetta verði fastur liður sem enginn æskulýðsfulltrúi/leiðtogi láti fram hjá sér fara. En það allra dýrmætasta í æskulýðsstarfinu er hversu mikinn mannauð við eigum og því ber okkur að efla hann enn frekar.

Það er ómentanlegt að vinna með góðu fólki sér í lagi þegar persónuleg áföll dynja yfir eins og fjölskyldan mín hefur verið að takast á við síðasta árið og því langar mig að lokum til að þakka Jónínu Sif og stjórninni allri sérstaklega fyrir allan hlýhug, skilning og gott samstarf á mínu fyrsta starfsári sem formanni ÆSKP. Ég hlakka til að hefja spennandi verkefni með nýrri stjórn.

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir,
formaður ÆSKP